

heimild til að veita þeim, er í fyrsta sinn drepa ref með skoti annarsstaðar en við gren, í verðlaun 4 krónur; í annað sinn 5 krónur og í 3. sinn 6 krónur, sem borgist honum af sveitarsjóði eða sveitarsjóðum. Upp frá því fær hann borgun samkvæmt 12. gr., og er skyldur til að vera skotmaður á grenjum þess hrepps, meðan hann er þar heimilisfastur og hefur heilsu til þess. Sá, er unnið hefur 50 fullorðin dýr, fær í aukaverðlaun 20 krónur, og sömu verðlaun fær skotmaður framvegis fyrir hver 50 dýr; en sanna hlýtur hann með greinilegri skýrslu yfir dýravinnslu sína, hve mörg dýr hann hefur unnið, og í hverjum sveitum eða þeim tilheyrandi afrjettarlöndum, og greiðast honum verðlaunin til-
tölulega eptir hinni unnu dýratölu af hvers hrepps sveitarsjóði.

22. gr.

Brot móti reglugjörð þessari varða 2—30 króna sektum eptir stærð og ítrekun afbrotanna. Allar sektir, sem ekki eru ákveðnar til uppljóstrarmanna, renna í sveitarsjóð, þar er brotið er framið.

23. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Amtsráð norðuramtsins, Akureyri, 2. júní 1892.

J. Havsteen. Einar Ásmundsson. B. G. Blöndal. M. Sigurðsson. Ólafur Briem.

Reglugjörð

88

fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar.

1. Stjórn.

1. gr.

Málefni þau, er reglugjörð þessi á við, standa undir umsjón og framkvæmd hreppsnefndanna í Mýrasýslu, hvernar í sínum hreppi. Þær eiga að gæta þess, að reglugjörðinni sje hlýtt, og að þeir, sem brjóta á móti henni, verði kærðir, svo að þeir fái maklega refsing. Þar sem svo er háttað, að tveir eða fleiri hreppar eða partar af hreppum eiga einn afrjett, hafa hreppsnefndir allra þeirra af hreppunum, sem innan sýslu eru, stjórn fjelagsmála á hendi í sameiningu. Oddvitinn í þeim hreppi, er rjett sú liggur í, er afrjetturinn á að leitast til, skal kveðja hreppsnefndirnar til funda, þá er þörf gjörist, til að ræða um sameiginleg mál. Heimilt er þó oddvitum hinna hreppsnefndanna líka að kveðja til slíkra funda. Á fundum þessum ræður afl atkvæða. — Sýslunefnd Mýrasýslu hefur yfirstjórn alla. Til hennar má skjóta öllum úrskurðum og ráðstöfunum hreppsnefndanna, þótt eigi sje það með berum orðum tekið fram annarstaðar í reglugjörðinni en hjer. Skjóta má og úrskurðum sýslunefndar til amtsráðs Vesturamtsins.

2. gr.

Margar eru þær fyrirskipanir hreppsnefnda eptir reglugjörð þessari, þær er eigi má fresta að framkvæma svo langan tíma, sem þarf til þess, að fá um þær æðri úrskurð. Þannig er t. d. um niðurjöfnun fjallskila, fyrirskipanir um

88 fjarleitir bæði í heimalöndum og á afrjetti o. fl. Öllum slíkum fyrirskipunum og niðurfjöfnunum hreppsnefnda, er þeim, er hlut eiga að máli, skylt að hlýða tafarlaust, hvort sem þeir skjóta þeim undir æðri úrskurð eða eigi. En falli seinna æðri úrskurður svo, að hreppsnefnd hafi gjört einhverjum manni annað eða meira tillag en rjett var, og að sá maður eigi að fá endurgjald eða skadabætur fyrir það, þá skal taka endurgjaldið úr sveitarsjóði þess hrepps, er hafði notin af hinu of mikla tillagi. Komi það fyrir, að hreppsnefnd beiti við mann ber-sýnilegu ranglæti eða ólögum, getur hann kært þá hreppsnefndarmenn, er slíkt hafa samþykkt, til skadabóta að lögum.

3. gr.

Nú er fjenaður úr annari sýslu rekinn til sumargöngu á afrjetti eða önnur beitarlönd innan ummerkja Mýrasýslu, þá skal rjetta þeim fjenaði í síðarnefndri sýslu og í þeirri rjett, sem afrjettur sá eða beitarland það, er ræðir um, á að leitast til. Þetta gildir jafnt, hvort sem eigendur fjárins eiga sjálfir afrjett þann eða beitarland, er fjeð gengur á, eða eigi. Að því leyti sem utansýslubúar eiga afrjett, rjettir, fjenað innan ummerkja Mýrasýslu, eru þeir háðir reglugjörð þessari og standa í öllum þeim málum, er hún hljóðar um, undir stjórn hlutaðeigandi hreppsnefnda í Mýrasýslu og undir yfirstjórn sýslunefndarinnar í sömu sýslu og amtsráðs Vesturamtsins. Heimilt er þó, ef haganlegt þykir, að fela hreppsnefndunum í þeim utansýsluhreppum, er eiga afrjett í Mýrasýslu eða hafa ákveðið fjallland í þessari sýslu til leigu, umsjón og framkvæmd og ábyrgð fleiri eða færri slíkra mála í þeirra eigin hreppum, svo sem að jafna niður fjallskilum á fjáreigendur þá, er nota afrjettarlönd þessi. Fer um slíkt eptir samkomulagi milli allra hlutaðeigandi hreppsnefnda og samþykki sýslunefndarinnar í Mýrasýslu.

II. Greining lands og notkun.

4. gr.

Greining lands er þessi:

1. *Heimalönd.* Heimaland jarðar liggur umhverfis bæ hennar og út frá túni, og er hvergi sundur skorid af annari landareign. Sumra jarða heimalandi utanhúss má aptur skipta í tvennt:
 - a. *Búfjánhagar* er sá hluti af landareign jarðar, er búpeningur hennar gengur jafnaðarlega í árið um kring. Hjer með teljast og engjar í heimalöndum. Flestra jarða heimaland heyrir allt undir þennan staffið.
 - b. *Útlenda* kallast hjer sá hluti af heimalandi jarðar, er liggur út frá búfjánhögum hennar á eina hlið eða fleiri, og verður sökum fjarlægðar eða afstöðu eigi varinn almennings fje, eða notaður stórum meir til sumarbeitar af ábúanda þeirrar jarðar, en mörgum öðrum. Þetta á að eins við um landmiklar jarðir, er liggja við afrjett.
2. *Kirkjufjalllönd.* Svo nefnast hjer heiðarlönd eða fjalllönd, er kirkjur eiga, eru með ákveðnum ummerkjum, og geta sakir afstöðu eða annars eigi talizt heimalönd.

3. *Fjalllönd*, sem eru einstakra eign, en að öðru leyti eins ástatt með og kirkjufjalllönd. **88**
4. *Fjarlenda* er sá hluti af landareign jarðar, er liggur innan í annara jarða heimalöndum.
5. *Afrjettur* er beitarland á heiðum eða fjöllum, eign eins eða fleiri hreppa.

5. gr.

Nú verður vafi eða ágreiningur um, undir hverja grein eitthvert svæði heyrir, eða um takmörk milli útlendu og búfjárhaga, og sker hreppsnefnd þess hrepps, er svæðið liggur í, úr þeim ágreiningi.

6. gr.

Um þann tíma sumars, sem fje er vant að vera á afrjettum, á geldfjenaður, þar með talin trippi og stóðhross, ekki að ganga í búfjárhögum, ef annars er kostur. Þó geta yfirvöld gjört undantekningu frá þessari reglu, ef fjársýki vofir yfir, eða almennings heill krefur. Sömuleiðis getur komið fyrir, að meira eða minna af geldfjenaði verði að ganga í búfjárhögum, af því að afrjett vanti fyrir hann, eða afrjettur reynist við ítölu ónógur fyrir allan geldfjenað afrjettareigenda. Í slíkum atvikum fer um skyldu manna til að reka geldfjenað úr búfjárhögum eptir ráðstöfun hlutaðeigandi hreppsnefnda.

7. gr.

Með takmörkunum þeim, er leiða af 6. gr., er sjerhver búandi, sem á trippi, stóðhross eða geldar sauðkindur, þar með talin fráfarulömb, skyldur til að reka fjenað þann allan á afrjett. Fjenaður hjúa, húsmanna, lausamanna á vegum búanda, telst með hans eigin fjenaði.

Tamin hross má eigi á afrjett reka, nema hreppsnefnd leyfi. Mannýgar nautkindur má alls eigi á afrjett reka, og varður 20—100 kr. sekt, ef gjört er, auk skaðabóta, ef tjón hlýtt af. Að öðru leyti varða brot gegn þessari grein 1—50 kr. sekt.

8. gr.

Nú hefur maður útlendu, (sbr. 4. gr. 1, b), þá er ábúanda heimilt að nota útlenduna í stað afrjettar fyrir fjenað. Kirkjufjalland má og umráðamaður nota sjálfur eða leigja öðrum til sumargöngu fyrir fjenað.

9. gr.

Hver sem ekki rekur á sinn eiginn afrjett, heldur í útlendu eða á fjalland, eða á annan afrjett, er skyldur að tilkynna það hreppsnefndinni í hreppi sínum fyrir 15. ágúst það ár. Sömuleiðis er og hver sá, er leigir öðrum land til upprekstrar, skyldur að kunngjóra það fyrir sama dag (15. ágúst) hreppsnefnd þeirri, er á að sjá um fjallskil á leigulandið, og skal hann jafnframt skýra frá, hversu margt fje hann hafi leyft að reka á það. Brot gegn þessari grein varðar sektum.

10. gr.

Ef gróðrarleysi eða illviðri banna eigi, á allur geldfjenaður að vera kominn á afrjett fyrir 24. júní ár hvert, ella svo fljótt sem tíð leyfir, og ung-

88 lömb jafnskjótt og fært er frá. Eigi má fjenað á afrjett reka fyrir en nægur gróður er þar kominn. Brot gegn þessari grein varðar sektum.

11. gr.

Sýslunefndin skal ákveða fyrir eitt ár eða fleiri í senn, hvar íbúar hvers hrepps, er á afrjett í sýslunni eða önnur lönd reka, skuli eptir skilja rekstra sína, og skal það að öllum jafnaði vera nálægt miðju afrjettar. Brot gegn fyrir-mælum sýslunefndar um þetta varða 5—50 kr. sekt.

12. gr.

Fráfæring allan skal sitja í 3 sólarhringa, þar sem hann er eptir skilinn á afrjetti. Þessi ákvörðun nær og til útlendna og fjallanda. Undanþágu frá þessari reglu getur sýslunefndin gefið, þannig, að nokkuð af þessum tíma megi sitja fráfæringinn í heimalandi. Brot gegn þessari grein varða sektum.

13. gr.

Hver sem heimildarlaust rekur fjenað, er á afrjett á að fara, í annars manns land til beitnar um sumar, hvort heldur það er heimaland, fjallland eða afrjettur, er sekur 10—200 kr., auk skaðabóta til landeiganda.

14. gr.

Nú gefast kindur upp í rekstri á leiðinni í þann stað afrjettar, sem á að reka þær á, en eru þó komnar í afrjettinn sjálfan, er þær eiga að ganga í, þá má, ef þær eru ekki fleiri en 10, láta þær eptir þar sem þær eru staddar. En sju þær fleiri en 10, skulu rekstrarmenn annaðhvort bíða, unz þær eru orðnar afþreyttar, eða gjöra einhverja ráðstöfun til þess, að þær komist á hinn ákveðna stað. Brot gegn þessari grein varðar 1—10 kr. sekt.

15. gr.

Ef kindur í rekstri á leið til afrjettar gefast upp áður en þær eru komnar í þann afrjett, er þær eiga að ganga á, eða þeim af einhverjum orsökum verður eigi komið þangað alla leið, þá skal eigandi eða umráðamaður þeirra sem skjótast láta umráðamann þess lands, er kindurnar voru skildar eptir í, vita um það og semja við hann um hagatoll og hirðingu á þeim. Nú skilur maður rekstur eða kindur úr rekstri á leið til afrjettar eptir í landi, sem hann á ekki með, án þess innan hæfilegs tíma að semja við umráðanda landsins um þær, þá skal svo álíta, sem hann hafi brotið á móti 13. gr. þessarar reglugjörðar, og fær refsing eptir henni.

16. gr.

Reka skal þannig gegn um heimalönd manna, að sem minnst tjón verði að. Sjerstaklega skal gæta þess, að málnytjufjenaður manna fari eigi saman við. Brot gegn þessari grein varða sektum.

17. gr.

Ef ítala er gjör í afrjett, skal svo álíta, sem sjerhverri jörð í afrjettar-fjelaginu fylgi hlutdeild í afrjettinum í rjettu hlutfalli við hundraðatal hennar, eptir seinasta jarðamati. Þá má ábúandi fylla sína ítölu í afrjettinn, hvort heldur af sinu fje eða annara, en ekki meir. Svo lengi sem ítala er eigi gjör,

má enginn, sem hlut á í afrjetti, taka í hann nokkurn fjenað af öðrum, og varðar brot gegn þessari ákvörðun 20—200 kr. sekt.

18. gr.

Eigi má reka svo mikinn fjenað í land, að ofbeitt verði, hvort heldur er afrjettur, útlenda, kirkjufjallland eða fjalland einstakra jarða. Nú þykir nágrönnum land of beitt, og geta þeir þá krafizt ítölu í það. Einnig getur hreppsnefnd krafizt ítölu vegna hrepps síns eða afrjettar. Sýslumaðurinn í Mýrasýslu skal dómnefna menn til að gjöra ítöluna, 3 eða 5 eptir atvikum, og skal hafa það tvennt fyrir augum: að ítalan verði gjörð með greind og samvizkusemi, og að hún hafi sem minnstan kostnað í för með sjer. Íteljendur skulu eið vinna að gjörð sinni, ef krafizt er. Þeir skulu svo telja, að fullskipað sje land, en eigi of skipað, til þess að fjenaður megi vel þrífast.

19. gr.

Ef ítala fer svo, að landeigandi hafi of sett í landið, borgar hann allan kostnað við hana, ella beiðendur ítölu. Ef hreppsnefnd eða hreppsnefndir hafa beiðst ítölnnar, borgast kostnaðurinn úr hlutadeigandi sveitarsjóði eða sveitarsjóðum, þegar landeigandi á ekki að borga hana eptir upphafi þessarar greinar.

20. gr.

Ítölu skal hlíta, og varðar sekt ef eigi er gjört. Beiðast má aptur ítölu í sama land eptir 5 ár og gildir jafnan síðasta ítalan.

21. gr.

Ef fjenaður, hvort heldur er sauðkindur eða stóðhross, gengur fyrir rjettir úr afrjetti í heimalönd, þá má sá, er fyrir ágangi verður, reka fjenað þann aptur á afrjett þann, er hann hyggur hann úr vera. Skylt er nágrönnum hans, að við lagðri sekt, að gjöra þetta með honum, ef hann kveður þá til. Reka má hann fjenaðinn í rjett, til þess að kanna hann og ná sínu eigin fje úr. Að öðru leyti skal hann svo til haga, að ágangsfjenaði verði sem minnst mein að, sem audið er. Kostnað þennan fær hann eða aðrir eigi endurgoldinn,

22. gr.

Nú er ágangur af afrjettarfjenaði kærður fyrir hreppsnefnd, annaðhvort þess hrepps, er sá býr í, sem fyrir ágangi verður, eða þess hrepps, er afrjettur sá til heyrir, er ágangur kemur frá, þá er henni skylt, ef henni þykir ástæða til, að láta smala vandlega ágangsfjenaði og reka í hlutadeigandi afrjett. Til þessarar smölunar má öðrum fremur kveðja þá, er fyrir áganginum verða. En öllum, sem til þess eru kvaddir, er skylt að hlýða. Kostnað við slíka smölun má taka af sveitarsjóði þess eða þeirra hreppa, er eiga afrjett þann, er ágangur kemur frá.

III. Fjallskil.

23. gr.

Það er skylda allra búandi manna og búlausra, þeirra, er hafa til eignar eða umráða 10 sauðkindur, að unglömbum meðtöldum, eða tvö eða fleiri stóðhross, að leggja til vinnu eða annað, er þarf til þess, að fjenaði verði á haustin smalað eða rjettað og hann rekinn á milli, svo sjerhver maður geti

88 heimt fjenað sinn. Allt tillag til slíks kallast fjallskil. Húsbóndi hver annast um fjallskil hjúa sinna og annara á vegum hans.

24. gr.

Sjerhver maður skal gjöra fullkomin fjallskil, eptir fjárfjölda *til sinnar eigin sóknarrjettar* — þ. e. þeirrar rjettar, er ábýlisjörð hans liggur til eptir 52.—57. gr. — Enginn getur komizt hjá, að gjöra full fjallskil til sóknarrjettar sinnar, þótt hann hafi fjenað sinn í útlendu ábýlisjarðar sinnar, en eigi á afrjetti. Með þeim nákvæmari ákvörðunum, er síðar segir í grein þessari, er það og skylda hvers manns, að gjöra fjallskil á afrjett þann eða beitarland það, er hann notar (rekur á). Nú stendur svo á, að eiginlegur afrjettur manns á að leitast til annarar rjettar, en hans sóknarrjettar, þá er sá maður eigi skyldur til að gjöra líka fjallskil á afrjettinn, nema hann hafi rekið á hann það sumar. En hafi hann gjört það, skal hann auk fjallskilanna til sinnar eigin sóknarrjettar, gjöra svo fjallskil á afrjett sinn, að öll fjallskil hans til samans til beggja rjettanna verði í rjettu hlutfalli við fjallskil manna í því rjettarfjelaginu, þar sem þau eru þyngri. Nú rekur einhver nokkuð af fjenaði sínum í afrjett sinn, en nokkuð hefur hann í útlendu, eða á öðrum afrjetti, þá skal hann gjöra fjallskil á bæði eða öll þau beitarlönd, að svo miklu leyti, sem það samrýmzt getur ákvörðunum hjer á undan í þessari grein. Kirkjufjallland, sem ekki er leigt öðrum, skal leitað sem afrjettur af öllu því rjettarfjelagi, er það liggur undir. Sje það öðrum leigt, skulu leiglendingar gjöra öll fjallskil á það. Þessar ákvarðanir um kirkjufjalllönd gilda og um fjallskil á lönd eyðijarða og um fjalllönd, sem eru einstakra eign. Ekki er skilt að gjöra fjallskil á afrjett, sem maður hvorki á nje notar. Brot gegn þessari grein varðar sektum.

25. gr.

Prennar leitir (göngur) skal á hverju hausti gjöra á afrjettum og fjalllöndum, til þess að smala fjenaði af þeim til rjetta. Í öllum leitum ber að smala sauðfje, en hrossum að eins í 2. og 3. leit. Um það, hverjir leita skuli hvert land fyrir sig, fer eptir 24. gr., og í 52.—57. gr. er ákveðið, til hveurrar rjettar hvert svæði eigi að leitast. Jafnframt skal og senda menn úr sjerhverjum hreppi til að hirða fje hreppsúa í þeim utansveitar- og utansýslurjettum, er þeir eiga helzt fjárvon að.

26. gr.

Hreppsnefnd hver jafnar niður fjallskilum á hreppsúa sína, og þá utansýslubúa, er fjallskil eiga að gjöra til rjettar í hreppnum, nema öðruvísi sje um samið eða ákveðið (sbr. 3. gr.). Fela má hreppsnefndin einum eða fleiri mönnum úr sínum flokki á hendur að jafna niður fjallskilunum og að hafa yfirstjórn allra fjallskilamálefna í hreppnum (fjallskilastjóri). Við niðurfjöfnun fjallskila skal einungis litið á fjenaðarfjölda manna. Þess skal vandlega gætt, að nægilegur mannaflí sje ætlaður til sjerhvers verks, svo að það verði vel af hendi leyst, og þó einkum aðalleitir á afrjettum. (Framh.).

Reglugjörð

fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar.

(Framh.).

27. gr.

Niðurjöfnun allra fyrirsjáanlegra fjallskila haust hvert skal lokið svo snemma, að hún geti verið kunnug orðin öllum hlutaðeigendum 3 dögum fyrir en til framkvæmda fjallskilanna kemur, og þó aldrei síðar en 15. september. Niðurjöfnunina skal birta öllum hlutaðeigendum á einhvern haganlegan hátt. Meðal annars má gjöra það með því, að láta niðurjöfnunarskrána berast bæ frá bæ eptir boðleið, og hefur hún þá þingboðsrjett. Í niðurjöfnunarskránni skal greinilega tekið fram, hvaða fjallskil sjerhver á að gjöra það haust, hvenær hver leit eigi að byrja, hver verði leitarforingi í hverri leit, hver rjettarstjóri og annað því um líkt, er þörf er á.

28. gr.

Hreppsnefnd hver skal árlega kjósa leitarforingja (gangnaforingja) einn eða fleiri fyrir hvern afrjett, er hún á yfir að segja. Enga aðalleit má gjöra á afrjett svo, að eigi sje rjett kjörinn leitarforingi til að stjórna henni. Eigi getur neinn maður skorazt undan kosningu til þess starfa í 3 ár í senn, nema hann sanni, að hann geti það eigi sökum heilsubreysts. Sá sem hefur verið leitarforingi 3 ár í röð, er ekki skyldur til að vera það í næstu 3 ár. Eigi þarf leitarforingi að vera úr flokki hreppsnefndarmanna.

29. gr.

Leitarforingi skal jafnan vera sjálfur í leitunum, og geti hann það eigi sökum löglegra forfalla, setur hann annan duglegan mann í sinn stað. Leitarforingi hefur alla stjórn yfir leitunum, skipar fyrir um, hvar hver leitarmaður skuli ganga hvern dag, sem göngurnar standa yfir, gætir þess, að allir vandi vel verk sín í leitunum og að fjenaðarsöfnin sjeu rekin með reglu til rjetta, að þau komi þangað í tækan tíma og að þeirra sje gætt, unz rjettarstjóri tekur við umsjóninni. Óhlýðni við leitarforingja varðar sektum 5—100 kr.

30. gr.

Sjerhver sá maður, er fjallskil á að gjöra, skal vanda vel allt tillag sitt, svo sem það, að leggja til fullgilda menn, gjöra þá vel út, bæði að klæðnaði, nesti og hestum o. s. frv. Þeir, sem að fjallskilaverkum starfa, eiga og að vanda verk sitt sem bezt í alla staði. Sá skal talinn hæfur til fjallskila, er leitarforingi og helmingur hlutaðeigandi leitmanna tekur gildan, enda sje hann eigi yngri en fullra 14 ára.

31. gr.

Skyllt er hverjum þeim, er fjallskil á að gjöra, að hlýðnast tafarlaust fyrirskipunum hreppsnefndar, og það engu síður, þótt hann sje óánægður með þær og ætli að kæra þær fyrir sýslunefndinni (2. gr.). Nú vanrækir einhver að gjöra fjallskil, er á hann voru lögð, þá má hreppsnefndin eða leitarstjórinn, ef því verður við komið, kaupa það, er hann lætur á vanta til fullra fjallskila

15. dag ágústmán. 1892.

88 sinna. Varðar brot hans sekt 5—100 kr., og gjalda skal hann fullu verði eptir dómi það, er hann ljét á vanta.

32. gr.

Jafnframt hverri fyrir sig af hinum þremur aðalleitum á afrjetti haust hvert, skal á sama tíma smala vandlega öll heimalönd og reka allt afbæjarfje úr þeim til þeirrar rjettar, er hvert heimaland liggur til. Ábúandi hve­rrar jarðar skal sjálfur annast um smölun á öllu sínu heimalandi og fjarlendum þeim, er að því liggja. Hreppsnefndin getur eptir því, sem henni þykir þörf á, skipað fyrir um, hverja daga skuli smala heimalönd, hvernig skuli haga smöluninni o. s. frv. Nú hefur heimaland útlendu, þá skal útlendan leit­uð sem afrjettur af gangnamönnum þess rjettarfjelags, er búandi gjörir fjallskil með, og það í öllum þremur aðalleitum. Útlenda jarðar hve­rrar skal leit­uð til þeirrar rjettar, er jörðin liggur til eptir 52.—57. gr., og það jafnt, þótt ábúandi gjöri fjallskil til annarar rjettar. Brot gegn þessari grein varðar sektum.

33. gr.

Auk heimalandasmalana þeirra, er talað er um í 32. gr., skal svo opt, sem hreppsnefnd hvers hrepps fyrirskipar, gjöra almenna rækilega smölun á öllum heimalöndum í hreppnum, og reka afbæjarfje á milli bæ frá bæ í átt­haga sína eptir venjulegri eða fyrirskipaðri boðleið. Ef fje eða hross, sem eigi finnst eigandi að, kemur fyrir eptir seinustu (3.) aðalleit á haustin, skal láta fjenað þann sem skjótast ganga bæ frá bæ til hreppstjóra, sem þá ráðstafar honum. Eins skal fara með þann fjenað, sem reyndar er kunnugt um hver á, en eigandi hans er í fjarlægum sveitum eða sýslum, nema því að eins, að einhver áreiðanlegur maður taki fjenað þann til hirðingar fyrir eiganda upp á sína ábyrgð. Nú kemur til búanda rekstur, sem á að ganga bæ frá bæ, þá skal búandi láta tafarlaust rannsaka hann og taka úr kindur, er eigi eru á rjettri leið, ef nokkrar eru og beina í rjetta átt, en síðan reka reksturinn til næsta bæjar, sem hann á að ganga til, nema kvöld sje komið eða illviðri hamli, en þá þó svo fljótt sem auðið er. Öllum, sem hlut eiga að máli, er skylt að lofa rekstrarfjenaði að bíta við og við og gæta þess, að hann svelti eigi, líka varast, að nokkuð týnist af honum. Brot gegn þessari grein varðar sektum 1—50 kr.

34. gr.

Eptir að hinar þrjár aðalleitir eru afstaðnar, getur hreppsnefnd hver, ef henni þykir ástæða til, látið gjöra enn eina almenna leit á afrjetti þá og fjallönd, er hún á að sjá um. Til þeirrar leitar má nefndin gjöra aukaniðurjöfnun verka eða fjártillags eptir atvikum á alla hlutaðeigendur. Leit­in kallast eptirleit. Heimilt er og hverjum einstökum manni, sem vill, að gjöra eptirleit á afrjetti og fjallönd.

35. gr.

Fyrir fjenað, áður óheimtan, þann er finnst í fyrirskipaðri eptirleit samkvæmt 34. gr., eða endrarnær eptir 3. leit á haustin, skal eigandi gjalda fundarlaun eptir mati að minnsta kosti tveggja hreppsnefndarmanna. Um fundarlaun fyrir áður heimt fje fer eptir samningum eða almennum reglum.

Fundarlaun eptir þessari grein er eigi skylt að greiða af öðrum fjenaði en þeim, er finnst annaðhvort á afrjetti eða fjallandi. 88

Fundarlaun skiptast milli þeirra, er eptirleit kostuðu, í rjettu hlutfalli við tillag hvers fyrir sig.

36. gr.

Nú þykir einhverjum niðurföfnun fjallskila eigi rjett og vill fá leiðrjett-ingu á því, þá skal hann fyrir lok septembermánaðar það sama haust senda hreppsnefndinni rökstudda kæru og biðja hana lagfæringar. Hreppsnefndin skal þá fyrir 7. okt. s. á. eiga fund með sjer, kalla kæranda fyrir sig og gefa honum kost á að skýra munnlega frá rökum sínum. Fyrir 10. dag sama mánaðar skal hún skriflega tilkynna honum úrskurð sinn um málið. Vilji hann skjóta úrskurðinum til sýslunefndarinnar, skal kæra hans vera komin til oddvita hennar fyrir 20. s. m., og skal sýslunefndin úrskurða um málið á næsta fundi sínum. Kæur, sem eigi koma í tæka tíð eptir því sem nú var sagt, verða eigi teknar til greina, nema kærandi geti sannað, að það sje ekki hans sök, að þær urðu of seinar.

Ákvæði þessarar greinar eiga eigi við niðurfafnanir til eptirleita eða annara aukafjallskila, sem eigi eru fyrirsjáanleg 15. september, og verður því að jafna seinna niður. Kæur yfir þeim skulu athugaðar, þótt þær komi þeim mun seinna, en áður er sagt, sem niðurföfnun sú var seinna gjör.

IV. Rjettir.

37. gr.

Fjenaður allur úr hinum þremur aðalleitum á haustin skal rekinn til rjetta. Það kallast *skilarjett*, er fjenaði er rjettað úr þriðju aðalleit. Rjett á að vera á sem haganlegustum stað og svo gjörð:

- a. Að almenningur hennar sje nógu stór.
- b. Að sjerhver búandi maður, sem annaðhvort á fjallskil að gjöra til rjettarinnar eða á hlut í afrjetti þeim, er til hennar á að leitast, hafi nógu stórt dilkrúm fyrir allt afrjettarfje af heimili hans, án þess að út þurfi að hleypa fyr en búíð er að rjetta.
- c. Að nógu margir og stórir dilkar sjeu fyrir allt það utanrjettarsóknafje, er líklegt er að komi til rjettarinnar.
- d. Að dilkur sje til fyrir ómerkinga.
- e. Að dilkur sje til fyrir sölufje.
- f. Að allir veggir rjettarinnar sjeu traustir og stöðugir, svo sem verða má, og svo háir hvervetna, að engin sauðkind geti stokkið upp á þá.

38. gr.

Það er sameigin skylda allra þeirra, er hlut eiga í afrjetti þeim, er til rjettar skal leitast, og allra þeirra, er til hennar eiga fjallskil að gjöra, að byggja þá rjett og viðhalda henni. Sjerhver búandi maður meðal þeirra skal eiga dilk við rjettina, annaðhvort einn eða með öðrum, nægilega stóran fyrir allt geldfje af heimili hans, og á hann sjálfur að byggja dilkinn og við halda

88. honum, svo að hann sje í góðu standi. Hreppsnefndin í þeim hreppi, sem rjettin liggur í, hefir umsjón yfir henni og ábyrgð á, að hún sje jafnan í fyrirskipuðu standi. Hreppsnefnd sú skal eptir þörfum kveðja til skylduvinnu við rjettina þá menn, er að henni eiga að starfa eptir upphafi þessarar greinar, fyrst og fremst til þess, að sjerhver hafi sinn eiginn dilk í fyrirskipuðu standi — og á hver einn að vinna að því út af fyrir sig — og í annan stað til þess, að byggja eða endurbæta utanrjettarsóknardilka, ómerkingadilk og annað slíkt, sem allir í rjettarfjelaginu eiga sameiginlega að starfa að. Hver sá, er sýnir óhlýðni eða hirðuleysi í þessari grein, er sekur 5—50 kr.

Utanrjettarsóknardilka er rjettarfjelaði eigi skylt að byggja á *sinn kostnað*, nema fyrir þær sveitir eða sýslur, er gjöra því sömu skil.

39. gr.

Nú þykir hreppsnefnd innansýslu þörf á að fjölga aðalrjettum, færa rjett á annan stað, eða ákveða annan rjettardag, en til tekinn er í reglugjörðinni, þá skal hreppsnefnd sú sjá um, að allir bændur, er þar eiga beinlínis hlut að máli, hvort heldur þeir eru innan sýslu eða utan, sjeu kvaddir á fund til þess að ræða um breytinguna og greiða atkvæði um hana. Verði meiri hluti atkvæða á fundinum með breytingunni, skal málefnið borið undir sýslunefndina í Mýrasýslu og leggur hún svo úrskurð á það. Hafi sá úrskurður það í för með sjer, að nauðsynlegt sje að gjöra breyting á rjettum eða leitum í öðrum sveitum eða sýslum, annast sýslunefndin um það, er gjöra þarf í því efni.

Aðrar breytingar, en nú var sagt, á hverri rjett sem er, svo sem að stækka hana eða minnka, breyta lögum hennar o. s. frv., mega hreppsnefndir allra þeirra innansýsluhreppa, er íbúar þeirra hafa viðhaldsskyldu við rjettina (sbr. 37. gr.), gjöra án þess að leita atkvæða búenda um það, eða samþykkis sýslunefndarinnar. En ef einhver hlutadeigandi er óánægður með slíkar aðgjörðir er honum heimilt að kæra þær fyrir sýslunefndinni, sem þá getur fellt þær úr gildi, ef henni sýnist ástæða til þess.

40. gr.

Sá sem ljær land undir rjett, hefir engin umráð yfir henni fyrir það. En rjettartoll skal hann fá eptir því, sem um semur. Upp í rjettartollinn má láta fyrst ganga alla þá ómerkinga í rjettinni, er eigendur eigi helga sjer. Þurfi meiri rjettartoll að greiða, skal hann tekinn af óskiptu andvirði óskilafjár úr rjettinni. Ef ómerkingar gjöra meira en að borga rjettartollinn, gengur afgangurinn saman við óskilafje. En ef bæði ómerkingar og óskilafje nægir eigi fyrir rjettartolli, skal viðbótin greidd úr sveitarsjóði eða sveitarsjóðum rjettarfjelagsins.

41. gr.

Hreppsnefnd hvers þess hrepps, er rjett er í, skal kjósa einn mann úr sínum flokki til þess að taka við stjórn af leitarföngja, þegar safn er til rjettar komið. Sá nefnist rjettarstjóri. Um skyldu manns til að gegna þeim starfa gilda sömu reglur sem um leitarföngja (28. gr.). Rjettarstjóri skal koma til rjettar í birtingu hvern rjettardag. Hann á að sjá um, að byrjað sje að rjetta

svo snemma, sem á að vera, skipa fyrir um, hvernig fjárdrætti skuli haga og halda mönnum til starfa. Yfir höfuð á hann að gæta þess, að allt gangi í góðri reglu í rjettinni. Hann hefir vald til að kveðja menn til að reka söfn í almenn- ing og til annars, er nauðsyn krefur, til þess að rjettun geti gengið í reglu. Að því leyti sem slík verk, svo sem gæzla safnsins meðan rjettað er o. fl., eru fjall- skil vissra manna, heldur hann þeim til að gæta skyldu sinnar. Óhlýðni við rjettarstjóra varðar sektum. Hreppstjóri þess hrepps, er rjett liggur í, skal jafn- an vera við rjettun og gæta lögreglu.

42. gr.

Þegar er markljóst er orðið rjettardag, skal byrja að rjetta, og skulu þá allir þeir, er fje eiga að draga, vera komnir til rjettar. Það er skylda sjer- hvers manns í rjettarsókninni og annara, er fjárvon eiga í rjett, að hafa þar nægilegan mannafla, til þess að hirða fjenað sinn. Ef einhver vanrækir þetta, og sje honum það sjálfrátt, varðar það sektum. En hvort sem honum er sjálf- rátt eða eigi, skal rjettarstjóri láta draga fje hans og reka heim til hans upp á eiganda sjálfs kostnað.

43. gr.

Fjeð skal draga eptir *mörkum*. Það er skylda hvers fjáreiganda, að hafa glöggt mark (einkenni) á öllu sínu fje. Sýslunefndin skal svo opt sem þurfa þykir, og að minnsta kosti 10. hvert ár, láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna. Skal sjerhver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það í prentkostnað, það sem sýslunefndin ákveður, en rjett hefur hann til að fá eitt eintak af markaskránni ókeypis. Markið helgar markeiganda kind, sem það ber, nema full sönnun komi fyrir að annar eigi. Kind, sem ekki ber fullkomið mark manns, er heimildarlaust að draga sjer, þótt lítið eitt vanti á fullt mark. Ef kind hefur eyrnemark eins manns, en hornamark eða brenni- mark annars manns, þá skal sá talinn eigandi, sem á hornamarkið eða brenni- markið, og skal hann þó, ef eigandi eyrnamarks krefst þess, gjöra grein fyrir, hvernig hann er að henni kominn. Kind, sem hefur eyrnemark eins manns, hornamark annars og brennimark hins þriðja, skal talin eign þess, er brenni- markið á; þó skal hann, ef eigendur hinna markanna krefjast þess, gjöra grein fyrir, hvernig hann hefir eignast kindina. Nú er kind ómörkuð eða afeyrð, eða á henni er óglöggt mark eða mýjetið, og vill maður þó eigna sjer hana af líkum, þá skal hann skýra hlutadeigandi hreppstjóra frá. Hreppstjóri kveður þá til fjóra skynsama og óvilhalla menn, er skulu ásamt honum sjálfum skoða kindina og meta líkur þær og ástæður, er hinn hefur til síns máls. Ef þeir þá allir í einu hljóði kveða upp þann úrskurð, að það sje *miklu líklegra*, að hlut- adeigandi eigi kindina, heldur en að hann eigi hana ekki, þá má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún með óskilafje. Þessi ákvörðun nær eigi til ómerkinga, er ær helga sjer.

44. gr.

Enginn má hleypta út úr dilk fyr en rjettarstjóri leyfir, enda sje þá allt fje komið í rjett og búið að kanna úrgang vandlega. Áður en hleypt er út úr

88. nokkrum dilki skal hreppstjóri láta markglögga menn kanna fjeð í honum. Brot gegn þessari grein varða sektum.

45. gr.

Ómerkingar allir skulu dregnir í ómerkingadilk (sbr. 37. gr. d). Þar skal þeim, er vilja, gefinn kostur á að reyna til að láta ær eða gimbrar sínar helga sjer ómerkinga. Þetta skal gjört undir umsjón rjettarstjóra eða hreppstjóra og tveggja votta. Þeir ómerkingar, sem eigi ganga þannig út, ganga til rjettarbónða upp í rjettartoll (40. gr.), ef svo hefur verið um samið við hann. Þá ómerkinga, er eigi ganga til rjettarbónða, skal hreppstjóri selja þá þegar við rjettina.

46. gr.

Leyfilegt er að kaupa og selja fje í rjettum. En þeir, sem það gjöra, skulu vera háðir eptirliti og fyrirskipunum hreppstjóra og þeim ákvörðunum, er gjörðar kunna að verða um fjársölu, og varðar sektum ef óhlýðni er sýnd.

47. gr.

Fje það, sem verður eptir ódregið, þegar lokið er að rjetta fje úr fyrstu aðalleit í rjett hverri (óskilafje, úrtíningur, úrgangur), skal hlutaðeigandi hreppsnefnd láta geyma og reka til sömu rjettar, þegar rjetta skal þar fje úr annari aðalleit, og sama ber henni að gjöra við fje það, er þá verður í úrgangi, að láta geyma það og reka til skilarjettar. Sá sem geymir óskilafje milli rjetta skal taka við því þannig, að honum sje talið það í votta viðurvist, og á sama hátt skal hann aptur afhenda það við rjettina rjettarstjóra eða hreppsnefndinni með fullri tölu. Má hann hvorki láta það fjölga nje fækka. Þótt eigandi gefi sig fram að einhverju af óskilafjenu milli rjettanna, má geymandi eigi afhenda það, nema með leyfi hreppsnefndaroddivitans. Sje geymslan vel og rjettilega af hendi leyst skal geymandi fá sanngjarna borgun fyrir hana frá eigendum þess fjenaðar, er út gengur, en af andvirði þess fjenaðar, er seldur er.

Ef óskilafjenaði er eigi hey gefið, mega geymslulaunin eigi meiri vera en 4 aurar um sólarhringinn fyrir hverja sauðkind og 10 aurar fyrir hvert hross.

Gjöra má (eitt skipti fyrir öll) þann samning við sveitir þær eða sýslur, er óskilafje eiga í rjettum í Mýrasýslu, að fje það skuli eigi í gæzlu tekið upp á kostnað eiganda, ef Mýrasýslubúar njóta aptur sömu rjettinda á móti. Þá er rjettarbónða hverjum skylt að leyfa að sleppa úrgangi úr 1. og 2. rjett í land sitt gegn sanngjarnri hækkun rjettartollsins. Yfir höfuð skal þessi (47.) grein eigi vera til fyrirstöðu frjálsum samningum um gæzlu óskilafjár, og má einnig, ef haganlegt þykir, greiða gæzlukostnað óskilafjár úr sveitarsjóði.

48. gr.

Óskilafje úr skilarjett hverri skal rjettarstjóri afhenda hlutaðeigandi hreppstjóra, sem þá lætur kanna það vandlega og síðan selur það við uppboð þá þegar við rjettina, og skulu þeir báðir í sameiningu, ásamt tveimur markglöggu valinkunnum mönnum, þá þegar semja nákvæma skrá yfir fjeð, lýsa þar lit þess, kynferði, eyrnamörkum, hornamörkum, brennimörkum og aldri.

Skrá þessa skulu þeir allir fjórir undirskrifa og skal hún vera tvírituð. Annað eintak hennar afhendir rjettarstjóri oddvita hreppsins, en hitt hefur hreppstjóri, og skulu bæði eintökin vera til sýnis þeim, er sjá vilja. Óskilakindur, sem koma fyrir í hreppnum eptir skilarjett, skal hreppstjóri og selja við opinbert uppboð (sbr. 33. gr.).

49. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal hreppstjóri senda hlutadeigandi sýslumanni eptirrit af uppboðsgjörð um allt það óskilafje, er hann hefur selt á árinu. Eptirriti því skal fylgja andvirði fjárens, að frá dregnum öllum kostnaði eptir reikningi, og enn fremur eintak það, er hreppstjóri fjekk af skrá rjettarstjóra og hreppstjóra yfir óskilafjed. Hafi eigandi fundizt að einhverju af fjenu frá því, er sú skrá var samin, og þangað til skýrslan er send sýslumanni, skal skýra sýslumanni frá því. Því næst skal sýslumaður auglýsa í prentuðu blaði allt óskilafje, er á því ári hefur verið selt í sjerhverjum hreppi sýslunnar, með mörkum þess og öðrum einkennum. Auglýsing sú skal sett í blað það, er opinberar auglýsingar eiga að prentast í, og koma út ekki seinna en einum mánuði eptir lok þess árs, er hún á við. Andvirði þess óskilafjár, er eigi hefur fundizt eigandi að fyrir 1. júní næst á eptir, fellur, að frá dregnum öllum kostnaði, í hlutadeigandi sveitarsjóði eptir reglunum í 52.—57. gr. Skal sýslumaðurinn þegar eptir 1. júní senda hverjum hreppi sinn hluta andvirðisins, og skal hluti sá talinn með tekjum hreppsins í jafnaðarreikningi hans fyrir það fardagaár, er salan fram fór á.

50. gr.

Hrossum skal smala í 2. og 3. aðalleit, bæði af afrjettum og öðrum löndum, og skal rjetta þeim. Með óskilahross skal farið að öllu leyti eptir reglunum í 33., 47. og 49. gr., þó með þeirri undantekningu, að þau skulu ekki seld fyr en 3 vikum eptir skilarjett, að undangenginni auglýsingu, og að haft skal í söluskilmálum, þá er þau eru seld, að eigandi hvers hross má, ef hann gefur sig fram innan 12 vikna frá söludegi, innleysa það, gegn því að borga allan kostnað og til kaupanda 10 % af uppboðsverðinu.

51. gr.

Sex skulu vera aðallrjettir í sýslunni, ein í hverjum hreppi, nema engin í Stafholtstungnahreppi. Í sjerhverri þeirra skal halda skilarjett.

52. gr.

Hvítársíðurjett (Fljótstungurjett). Til hennar eiga að sækja ábúendur allra jarða í Hvítársíðu frá Gilsbakka að Kalmanstungu, að báðum þeim jörðum með töldum, og enn fremur íbúar Reykholtaldshrepps og Hálsasveitar í Borgarfjarðarsýslu. Ber því að leita til hennar í öllum 3 aðalleitum öll heimalönd nefndra jarða í Hvítársíðu, allt fjallland Gilsbakkakirkju, þar á meðal Lambatungur, afrjett fyrnefndra hreppa í Borgarfjarðarsýslu, og yfir höfuð öll fjalllönd að Kjarará og Skjaldartjörn, Kvíslavatni og Urðhæðavatni að norðvestan og að löndum Húnvetninga, jöklum og Hvítá að norðan, austan og sunnan. Leita má og til Hvítársíðurjettar hinn svo nefnda Vatnaflóa allt vestur að

88 Langavatnaskvísl, en þó því að eins, að hreppsnefndunum í Hvítársíðu, Hálsa-sveit og Reykholtaldal komi saman um það. Ella leitast hann til Þverárrjettar.

Fyrsta leit til Hvítársíðurjettar skal fram fara föstudag, laugardag og sunnudag í 22. viku sumars, og skal rjetta fje úr þeirri leit *mánudag* í sömu sumarviku.

Önnur leit skal fram fara þriðjudag og miðvikudag í sömu (22.) sum-arviku og fimmtudag í 23. viku og skal rjetta fjenaði úr henni næsta föstu-dag á eptir.

Þriðja leit skal gjör næstu daga á undan skilarjett eptir nákvæmari ákvörðun hreppsnefndarinnar í Hvítársíðuhreppi og skal skilarjett haldin föstu-dag í 25. viku sumars.

Andvirði alls óskilafjár í Hvítársíðuhreppi, að öllum kostnaði frá dregnum og rjettartolli eptir 40. gr., skiptist að jöfnum pörtum milli Hvítársíðuhrepps, Þverárhliðarhrepps og Stafholtstungnahrepps (sbr. 49. gr.).

53. gr.

Þverárrjett (nú hjá Kvíum) til heyrir öllum jörðum fyrir sunnan Sand-dalsá og Norðurá að Hvítá allt fram að Bjarnastöðum í Hvítársíðu, að þeirri jörð með talinni og enn fremur Stafholtsey, og skal því leita til hennar í öllum þremur leitum öll heimalönd og fjallönd þeirra jarða (þó eigi heimaland Stafholtseyjar) og sameiginlegan afrjött þeirra, allt að löndum Dalasýslu, Stranda-sýslu og Húnavatnssýslu, og að löndum þeim, er leitast eiga til Hvítársíðu-rjettar.

Fyrstu leit til Þverárrjettar gjöra Hvítársíðingar mánudag, þriðjudag og miðvikudag í 22. viku sumars, en aðrir í rjettarfjelaginu (Þverhliðingar, Norð-dælingar og Stafholtstungnamenn) að eins nýnefndan þriðjudag og miðvikudag, og skal fje úr þeirri leit rjettað *fimmtudaginn næstan á eptir*.

Önnur leit skal fram fara þriðjudag og miðvikudag í 28. viku sumars, og skal fjenaði úr henni rjettað næsta fimmtudag.

Þriðja leit skal gjör næstu daga á undan skilarjett eptir nákvæmari ákvörðun hlutaðeigandi hreppsnefnda. Skilarjettin á að vera laugardaginn í 25. viku sumars.

Andvirði alls óskilafjenaðar, sem seldur er í Þverárhlið og Stafholts-tungum, greiðist í sveitarsjóðina í Hvítársíðuhreppi, Þverárhliðarhreppi og Stafholtstungnahreppi, að frá dregnum öllum kostnaði og rjettartolli, og fær hver hreppurinn fyrir sig þriðjung (sbr. 49. gr.).

54. gr.

Norðurárdalsrjett (nú hjá Brekku) til heyrir öllum jörðum í Norðurárdal og Stafholtstungum fyrir vestan Norðurá og Sanddalsá, og skal því leita til hennar öll heimalönd þeirra jarða, ásamt þeim fjallöndum, sem þar að liggja gegnt löndum Dalamanna og að þeim.

Fyrsta leit til þessarar rjettar skal fram fara þriðjudag í 22. viku sum-ars, og skal fje úr henni rjettað næsta *miðvikudag* á eptir.

(Framh.).

Reglugjörð

fyrir Mýrasýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettir og refaveiðar.

(Framh.).

Önnur leit skal gjör mánudag í 23. viku sumars, og skal fjenaði úr henni rjettað næsta þriðjudag á eptir.

Þriðja leit skal fram fara fyrir skilarjett á þeim tíma, er hreppsnefndin ákveður ár hvert. *Skilarjett* skal haldin föstudag í 25. viku sumars.

Andvirði alls óskilafjenaðar, sem seldur er í Norðurárdalsbreyppi, gengur, að frá dregnum kostnaði, óskipt í sveitarsjóð þess hrepps (sbr. 49. gr.).

55. gr.

Borgarhreppsrjett (nú kennd við Þinghól) til heyrir öllum jörðum í Borgarhreppi og skal leita til hennar í öllum leitum öll heimalönd þeirra jarða og fjallönd þau, er þar að liggja, allt að löndum Dalamanna.

Fyrsta leit til þessarar rjettar skal gjör mánudag, þriðjudag og miðvikudag í 22. viku sumars, og skal fje úr henni rjettað næsta *fimmtudag* á eptir.

Önnur leit skal fram fara mánudag og þriðjudag í 23. viku sumars, og skal rjetta fjenaði úr henni síðari part þriðjudagsins eða næsta miðvikudag.

Þriðja leit skal fram fara fyrir skilarjett eptir nákvæmari ákvörðun hreppsnefndarinnar. *Skilarjettin* skal haldin *laugardaginn* í 25. viku sumars.

Andvirði þess óskilafjár, er selt er í Borgarhreppi, fellur, að frá dregnum kostnaði, í sveitarsjóð þess hrepps (sbr. 49. gr.).

56. gr.

Álptaneshreppsrjett (nú hjá Hraundal) til heyrir öllum jörðum í Álptaneshreppi, og skal leita til hennar öll heimalönd tjeðra jarða og öll fjallönd þau, er þar að liggja, allt að löndum Dalamanna og afrjettarlöndum Hraunhreppinga að vestan og Borghreppinga að sunnan.

Fyrsta leit til þessarar rjettar skal gjör mánudag, þriðjudag og miðvikudag í 22. viku sumars, og skal fje úr henni rjettað *föstudag* næstan á eptir.

Önnur leit skal fram fara mánudag og þriðjudag í 23. viku sumars og skal fjenaði úr henni rjettað næsta *miðvikudag* á eptir.

Þriðja leit skal gjör fyrir skilarjett eptir nákvæmari ákvörðun hreppsnefndarinnar. *Skilarjettin* skal haldin *föstudag* í 25. viku sumars.

Andvirði þess óskilafjár, er selt er í Álptaneshreppi, greiðist, að frá dregnum öllum kostnaði, í sveitarsjóð þess hrepps (sbr. 49. gr.).

57. gr.

Hraunhreppsrjett (nú hjá Hitardal) til heyrir öllum jörðum í Hraunhreppi, og skal til hennar leita í öllum leitum öll heimalönd þeirra jarða og fjallönd, er þar að liggja, allt að löndum Dalamanna að norðan.

Fyrsta leit til þessarar rjettar skal gjör mánudag, þriðjudag og miðvikudag í 22. viku sumars, og skal fje úr henni rjettað næsta *fimmtudag* á eptir.

16. dag ágústmán. 1892.

88. Önnur leit skal fram fara mánudag og þriðjudag í 23. viku sumars, og skal rjetta fjenaði úr henni seinni part sama þriðjudags.

Þriðja leit skal gjör fyrir skilarjett eptir nákvæmari ákvörðun hreppsnefndarinnar. Skilarjettin skal haldin fimmtudag í 25. viku sumars.

Andvirði þess óskilafjár, er selt er í Hraunhreppi, gengur, að kostnaði frá dregnum, í sveitarsjóð þess hrepps (sbr, 49. gr.).

V. Refaveiðar.

58. gr.

Það er skylda sjerhverrar hreppsnefndar, að gjöra allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að eyða refum bæði í heimalöndum og á afrjettum sveitarinnar. Umsjón og framkvæmd þess, er þar að lýtur, má hún fela einum manni eða fleirum úr sínum flokki.

59. gr.

Hver búandi maður er skyldur til að leita árlega grenja í heimalandi ábýlisjarðar sinnar. Nú notar maður annað land en sinnar eigin ábýlisjarðar fyrir málnytufjenað, og skal hann þá einnig þar gjöra grenjaleit. Hreppsnefndin skal brýna þessa skyldu fyrir búendum, og gæta þess, að þeir gegni henni. Skipa má hún þeim, er enga grenjavon á í heimalandi, að leita með hinum, er hafa hana.

60. gr.

Hreppsnefnd hver skal svo opt sem þurfa þykir, og að minnsta kosti einu sinni á vori hverju láta gjöra rækilega grenjaleit á afrjetti hrepps síns, svo og á öðrum þeim löndum (eyðijörðum, kirkjufjallöndum, utansýslumanna-afrjetti), sem liggja í hreppnum og eigi eru notuð af eiganda eða öðrum leigð. Sjeu þau notuð af eiganda eða öðrum leigð, skal sá, er notar, annast um grenjaleit á þeim, og skal hlutadeigandi hreppsnefnd halda honum til að gæta þeirrar skyldu.

Enginn má hafa hund í grenjaleit.

61. gr.

Áður en grenjaleitatími er kominn vor hvert, skal sjerhver hreppsnefnd hafa útvegað sjer skotmann, er hún á vísan, til að leggjast á gren, ef á þarf að haldá, og skal hún auglýsa hreppsúum, hver hann er. Skotmaður skal, þegar því verður við komið, vera sjálfur með í grenjaleit, einkum á afrjetti. Nú finnst gren, og er skotmaður eigi með í leitinni, þá skal finnandi, sje grenið í heimalandi, tafarlaust sækja skotmann, og leggja honum til vökumann og annað, er hann þarf. En sje grenið annarstaðar en í heimalandi, skal finnandi láta næsta hreppsnefndarmann og þó helzt oddvita, vita, sem þá skal sækja skotmann og leggja honum til vökumann og annað það, er hann þarf.

62. gr.

Skotmaður og vökumaður skulu, ef unnt er, dvelja að minnsta kosti 3 sólarhringa á greni, ef ekki eru áður unnir þeir fullorönu refir, er þar eiga

heima. Vinnist eigi gren að fullu og öllu, skal skotmaður annast um, að eitrad agn sje látið í það, áður en það er yfirgefið.

88

Eigi má rjúfa gren nje raska því.

63. gr.

Hreppsnefndin skal að minnsta kosti fimmta hvert ár rita í gjörðabók hreppsnefndarinnar skrá yfir öll þau gren, er menn þekkja, að sjeu í landeign hreppsins (afrjetti, heimalöndum o. s. frv.), með stuttri lýsingu á hverju greni og afstöðu þess. Finnist ný gren, skal þeim þegar bætt við í bókina.

64. gr.

Sjerhverri hreppsnefnd ber að annast um, að árlega sje eitrad fyrir refi á hagfelldum stöðum og á hentugum árstíma, einkum á afrjettarlöndum.

65. gr.

Eigi skal borgun greiða fyrir grenjaleitir í heimalandi eða fjarlendu. En fyrir grenjaleitir á afrjettum og þeim eyðijörðum og kirkjufjallöndum og einstakra fjallöndum, er umráðamaður notar eigi nje leigir öðrum, svo og fyrir að sækja skotmann, ber að greiða hæfileg daglaun eptir sveitarvenju og samningum.

66. gr.

Skotmanni og vökumanni skal fyrir dvöl þeirra á greni, hvort sem það er í heimalandi eða annarstaðar, greiða daglaun á sama hátt og segir í 65. gr. Auk þess á skotmaður að fá 3 kr. fyrir hinn fyrsta fullorðinn ref, er hann við gren vinnur, en 5 kr. fyrir annan ref, og sömuleiðis 5 kr. fyrir hvern fullorðinn ref, ef fleiri en 2 vinnast við sama gren. Enn fremur ber að greiða 50 aura fyrir hvern irðling, er við gren næst, og skiptist það gjald til jafnaðar milli skotmanns og vökumanns. Fyrir hvern ref, sem unninn er annarstaðar en við gren, á hverjum tíma, eða á hvern hátt sem unninn er, ber að greiða tvær krónur þeim, er vinnur. En leiða verður hann rök að því, að hann hafi unnið refinn og eigi fundið hann dauðan. Auk þess, sem nú er talið, mega hreppsnefndir veita verðlaun manni, sem er framúrskarandi duglegur og heppinn í að eyða refum.

67. gr.

Allan þann kostnað, sem varið er til þess að eyða refum í hverju heimalandi sem er, að undan teknum grenjaleitakostnaði (sbr 65. gr.), skal greiða úr sveitarsjóði þess hrepps, er landið liggur í.

68. gr.

Borgun fyrir eyðing refa á landi, sem leigt er til upprekstrar eða sel- farar, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, er leiglingingar búa í, nema öðruvísi sje um samið.

69. gr.

Borgun fyrir grenjaleitir, refaveiðar og eitrun á afrjetti greiðist úr sveitarsjóði þess eða þeirra hreppa, er jarðir þær liggja í, er hlut eiga í afrjettinum, og skal kostnaðinum skipt milli hreppanna eptir rjettu hlutfalli við hundradatal jarða þessara. Hreppsnefndirnar í hreppum þessum annast um

36 skiptin og skal haga þeim þannig, að refaveiðakostnaðinum, sem allir hrepparnir hafa lagt út almanaksár hvert, skal jafnað niður milli hreppanna ekki seinna en fjórum vikum eptir lok þess sama almanaksárs. Það sem einn hreppur á samkvæmt niðurfjöfnun þessari að greiða öðrum, skal greitt vera fyrir næstu fardaga á eptir, og skal gjald það teljast í jafnaðarreikningum hreppanna fyrir það fardagaár, sem yfir stendur á gjalldaga. Niðurfjöfnunina ásamt reikningum þeim, er hún er byggð á, er öllum búandi mönnum í aftrjettarfjelaginu heimilt að fá að skoða.

70. gr.

Hver sá er gjörir kröfu til borgunar fyrir grenjaleit eða fyrir eitthvað það, er að eyðingu refa lýtur, skal senda oddvitanum í þeim hreppi, sem hlut á að máli, reikning fyrir 20. sept. ár hvert. Reikningum skal fylgja nákvæm skýrsla um verk það eða tillag, er borgunar er krafizt fyrir. Ef um grenjaleit er að ræða, eða tilraun til að vinna gren, skal í skýrslu þeirri nákvæmlega tekið fram, hvort gren það eða gren þau, er um ræðir, voru á aftrjetti og þá hvar, eða á kirkjufjallandi eða heimalandi, og þá hvar. Enn fremur skal skýrt frá, hverja mánaðardaga verkið var unnið, hvaða menn unnu að því, hve margir fullorðnir refir og hve margir irðlingar náðust. Ef um eitrun er að ræða, skal skýrt frá, hvaða eitrun var haft, hvað eitrun var og hvar á aftrjetti eða annarstaðar agnið var látið. Refaveiðakostnaðarreikning, sem eigi er þannig úr garði gjör, sem nú var sagt, þurfa hreppsnefndirnar eigi að taka til greina.

71. gr.

Reikninga þá yfir refaveiðakostnað, er oddviti hver hefur meðtekið 20. sept. ár hvert, leggur hann fram fyrir alla hreppsnefndina til úrskurðar. Samþykki hún reikning, hefur hún ábyrgð á, að hann sje rjettur, og borgar þá út upphæð hans, annaðhvort þá þegar úr sveitarsjóði, eða hún leggur hlutaðeiganda borgunina út við niðurfjöfnun hreppsgjalda það haust. Um það, að hve miklu leyti hreppurinn eigi aptur að fá eitthvað af því, er hann þannig leggur út, endurgoldið frá öðrum hreppum, fer eptir ákvörðun 69. gr.

VI. Ábyrgð verka. Sektir. Málsókn.

72. gr.

Um það, hver ber ábyrgð til sekta og skaðabóta fyrir brot móti reglugjörð þessari, fer eptir almennum reglum.

73. gr.

Far sem upphæð sektar er eigi ákveðin við einstakar greinir í reglugjörð þessari, varðar brot gegn henni 1—200 kr. sekt. Uppljóstrarmenn eða uppljóstrarmenn fá helming sektar; en helmingurinn rennur í sveitarsjóð þess hrepps, er brotið er framið í.

74. gr.

Með mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

75. gr.

88

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð um notkun afrjetta, rjettir, fjallskil og aðrar fjárleitir og fjárskil í Mýrasýslu frá 13. júlí 1878 og reglugjörð fyrir Mýrasýslu um eyðingu refa og dýratoll frá 14. júlí 1887.

Framanskriðuð reglugjörð, sem sýslunefndin í Mýrasýslu hefur samið, var staðfest og löggilt, samkvæmt lögum 22. marzm. 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, af amtsráði Vesturamtsins á fundi 16.—18. þ. m., og skal reglugjörðin öðlast gildi 15 dögum eptir útkomu þess tölublaðs Stjórnartíðinda, þar sem hún er fullprentuð.

Íslands Vesturamt, Reykjavík, 25. júlí 1892.

Kristján Jónsson,
settur.

Agrip

89

af reikningi landsbankans 1. apríl — 30. júní 1892.

Tekjur.

	kr.	a.	kr.	a.
1. Í sjóði 1. apríl 1892			110,228	53
2. Borguð lán:				
a. Fasteignarveðslán	16,094	30		
b. Sjálfsskuldarábyrgðarlán	9,035	75		
c. Handveðslán	642	»		
d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl. —	1,325	»		
			<u>27,097</u>	<u>05</u>
3. Vixlar innleystir			23,850	»
4. Ávísanir innleystar			1,104	80
5. Bráðabirgðalán úr landssjóði			40,000	»
6. Vextir			7,466	63
7. Diskonto			550	57
8. Ýmislegar tekjur			62	30
9. Frá Landmandsbankanum			3,862	38
10. Innlög á hlaupareikning			36,400	»
11. Sparisjóðsinnlög			76,261	27
			<u>76,261</u>	<u>27</u>
			<u>Tekjur alls</u>	<u>326,883 53</u>

Gjöld.

	kr.	a.	kr.	a.
1. Lánað gegn:				
a. Fasteignarveði	51,250	»		
b. Sjálfsskuldarábyrgð	20,685	»		
c. Handveði	4,170	»		
			<u>76,105</u>	<u>»</u>